

Æskulýðs og tómstundanevnd Hestamannafélagsins Grana 2014-2015

Mannabreytingar urðu í æskulýðsnefnd í apríl á síðastliðnu ári. Frá fyrra starfsári sat áfram Svanhildur Jónsdóttir en þrjár nýjar konur komu inn í nefndina, Lilja Hrund Harðardóttir, Iris Myriam Waitz og Elín Rúna Backman, ásamt þremur unglingum sem voru fengnar í lið með nefndinni, þeim Dagný Önnu Ragnarsdóttir, Þunni Bjarnadóttir og Thelmu Dögg Tómasardóttir.

Haldnir hafa verið fundir reglulega síðan í haust. Margar hugmyndir hafa komið fram til styrktar starfi æskulýðsnefndar og hestamannafélagsins, og þá ekki síst Bústólpahallarinnar. En ekki er hægt að gera allt á einum vetri og var því ákveðið á fyrsta fundi æskulýðsnefndar að einbeita sér að því að virkja börn og unglinga til þátttöku í starfi Grana og reyna að stuðla að því að fá fleiri virka meðlimi inn í starfið.

Sumarnámskeið var haldið, 9 börn tóku þátt, Karin og Ingólfur sáu um kennslu þá.

Fyrsti skipulagði hittingur í haust var reiðtúr þar sem öllum krökkum var boðið með sem eru að umgangast hesta reglulega á einhvern hátt. Það var líka auglýst. Mæting var við reiðhöllina og Kaldbakshringurinn riðinn með áningu hjá Kaldbakstjörnninni. Þar fengu allir svala og skúffuköku. Í lokin var öllum boðið upp á pizzu í reiðhöllinni. Þátttaka var mjög góð, um 30 manns.

Í lok september var boðið upp á fyrsta reiðnámskeiðið. Ákveðið var að prófa nýja útfærslu á námskeiðshaldinu, blanda saman hestum og leikjum, og fengum við stelpurnar Dagný Önnu, Þunni og Thelmu Dögg sem leiðbeinendur. Stelpur sem hafa lengi stundað hestamennsku og hafa allar að einhverju leyti hug á að leggja þessa íprótt fyrir sig í framtíðinni. Með þessu sniði var þó hægt að lækka námskeiðiskostnað og halda eftir afgangi, m.a. til kaupa á nýjum öryggisbúnaði (Fyrir annað námskeiðið voru keyptir sjö hjálmur, múlar, beisli og taumar). Tekið skal fram að þar sem leiðbeinendur hafa ekki náð 18 ára aldri var alltaf einhver fullorðinn með sem ábyrgðaraðili í höllinni. Í lok þessa námskeiðs var haft samband við Miðjuna og þeirra félögum boðið á hestbak. Það hlaut góðar undirtektir og mætti fréttaritið Skarpur á staðinn og tók myndir og viðtal sem birtist í næsta fréttariti.

Annað reiðnámskeið hófst um miðjan nóvember og var eftirspurnin vonum framar, 21 barn skráð. Bætt var við aukanámskeiði til að allir gætu tekið þátt. Þetta námskeið var með svipuðu sniði og það fyrra, leikir og reiðmennska. Í tengslum við námskeiðið buðum við börnum og bæjarbúum á hestbak einn eftirmiðdag í reiðhöllinni. Þar voru einnig seldar vöflur og heitt kakó og reiknast okkur til að á milli 50 og 60 manns hafi komið og heimsótt Bústólpahöllina.

Þriðja reiðnámskeiðið var haldið í samstarfi við hestamannafélagið Þjálfar, helgina 20. til 23. febrúar sl. við góðar undirtektir. Fjórtán börn tóku þátt, þar af þrjú Þjálfabörn.

Fjórtða reiðnámskeiðið var haldið í apríl, fjórtán börn tóku þátt. Kennst var í tveimur hópum, stelpurnar þrjár kenndu börnum sem voru lengra komin, Karin og Ingólfur sáu um kennslu minna vanra krakka. Í lok allra námskeiða skelltu nefndarkonur í köku og buðu þáttakendum.

Næstkomandi laugardag ætlum við að halda opinn dag úti höll fyrir krakka á öllum aldri, í samstarfi við Æskulýðsnefnd Þjálfar. Þar mun margt verða í boði, .. Hestakerruferðir, hestaboltaboðhlaup og vöflusala, enn við ætlum að láta allann ágóða af henni renna til Bústólpahallarinnar.

Gott og mikið starf hefur verið unnið þetta starfsár og góð samstaða verið í æskulýðsnefnd um starf vetrarins. Starfið hefði þó ekki getað farið svona vel fram án þeirrar miklu hjálpar sem nefndin hefur fengið frá félagsmönnum. Hestahúsið í reiðhöllinni var ekki tilbúið fyrr en fyrir námskeiðið í febrúar.

Í haust var hægt að hafa hestana mikið úti við vegna góðs veðurs en veðrið var ekki alltaf með okkur og þökkum við Vigni, Berglindi, Einari Víði og Jóel og Ölmum fyrir mikinn stuðning með því að gefa okkur aðgang að hesthúsunum sínum. Bjössu Údda fyrir að vera þúsundþjalasmiðurinn okkar og Jóni Óla fyrir morgungjafirnar. Sérstakar þakkar fær þó Saltvík hestaleiga fyrir að lána okkur hesta og reiðtygi. Einnig þökkum við öllum þeim sem gáfu okkur hey, reiðtygi eða lánuðu okkur það sem upp á vantaði. Það gefur því augaleið að með góðum vilja og samstöðu í okkar litla félagi er hægt að láta hlutina ganga upp svo sem flestir njóti góðs af 😊

Nefndin þakkar fyrir sig og óskar þeirri nefnd sem nú tekur við góðs gengis.

Samtals voru um 100 pláss fullnýtt á reiðnámskeiðum sl starfsár.

Lilja Hrund Harðardóttir
Formaður Grana og stjórnar Grána ehf.